

Tillaga
Afgreiðsla

B347/PRE
Forsætisnefnd

Nefndarálit um ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlanir 2025–2030

Forsætisnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að Norræna ráðherranefndin taki upp ráðherranefndartillöguna um samstarfsáætlanir 2025–2030.
- að Norræna ráðherrahefndin fylgi eftir þeim ábendingum sem borist hafa frá forsætisnefndinni og fagnefndunum.
- að Norræna ráðherranefndin haldi áfram því uppbyggilega samstarfi sem átt hefur sér stað í tengslum við bæði samstarfsáætlanirnar og fjárhagsáætlunina.

Bakgrunnur

Samstarfsáætlanirnar og umsagnir til ráðherranefndarinnar voru til umræðu á þingfundi á þemaþingi Norðurlandaráðs á Íslandi árið 2023. Eftir það voru tillögur þingmannanna sendar skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar til frekari meðferðar. Að því loknu var unnið hörðum höndum.

Ráðherranefndin kynnti forsætisnefnd og fagnefndum Norðurlandaráðs drög sín að ráðherranefndartillögu um væntanlegar samstarfsáætlanir 2025–2030 á þemaþingi Norðurlandaráðs í Færeyjum í apríl 2024.

Fundirnir á þemaþinginu voru eitt af lokaskrefunum á langri vegferð í áttina að niðurstöðu úr samstarfi Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um þær samstarfsáætlanir sem kynntar voru.

Almennt þótti fagnefndunum og forsætisnefndinni ánægjulegt að þess sæi stað í samstarfsáætlununum að tekið væri tillit til þeirra athugasemda, tillagna og álita sem höfðu verið gefin. Ýmis atriði hafa þó ekki verið tekin inn í drögin að samstarfsáætlununum.

Athugasemdirnar voru sendar í minnisblaði til skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar þann 29. apríl 2024 til frekari afgreiðslu á komandi fundum.



Eftirfarandi er nánari lýsing á þeim athugasemdum sem sendar voru.

Hugmyndir forsætisnefndar og fagnefnda

Forsætisnefndin

Tillögur forsætisnefndarinnar við mótun norrænnar framtíðarsýnar fyrir árin 2025–2030, sem voru samþykktar á forsætisnefndarfundum í júní 2023 og urðu hluti af tillögum Norðurlandaráðs, voru margs konar og vörðuðu allt sviðið en ekki einungis ráðherranefnd samstarfsráðherranna **MR-SAM** og dómsmálaráðherranna **MR-JUST** sem voru til kynningar á fundum forsætisnefndarinnar.

Forsætisnefndin lagði áherslu á að framtíðarsýnin og í framhaldi af henni samstarfsáætlanirnar byggðust á sjálfbærni, menningu og þekkingu, þátttöku ungs fólks, öflugum velferðarríki og þróun samstarfs á sviði grunnvirkis og samgangna auk utanríkis-, varnar- og öryggismála. Forsætisnefnd veitti því eftirtekt og þótti ánægjulegt að tekið hefði verið tillit til ýmissa sjónarmiða nefndarinnar.

Forsætisnefndin taldi mikilvægt að huga áfram að menningu, fræðslu og ungu fólki og studdi þess vegna undir markmið 2.3 um aukna inngildinguna barna og ungmenna á Norðurlöndum. Forsætisnefndin vill eigi að síður minna á mikilvæg málefni sem vantar í áætlanirnar.

Varðandi til dæmis viðbúnaðarmál óskaði forsætisnefndin eftir norrænu viðbúnaðarsamstarfi og hugsanlega norrænni viðbúnaðarnefnd á komandi áætlanatímabili. Af þessum sökum vill forsætisnefndin að skerpt verði á orðalagi undir markmiða 1.2.

Hvað varðar utanríkis-, öryggis- og varnarstefnu áréttaði forsætisnefnd óskir sínar um aukið samstarf.

Loks hvað snertir efnahagsmál og tekjur vísar forsætisnefndin til tillagna vegna fjölærs fjárhagsáætlunarramma, tekna norræns samstarfs og hvatninga um heildaryfirlit um notkun fjárveitinga í norrænu samstarfi. Forsætisnefndin er enn þeirrar skoðunar að hlutfallsleg þróun fjárhagsáætlunar ráðherranefndarinnar skerði svigrúm norræns samstarfs og telur forsætisnefnd að stöðva beri þessa neikvæðu þróun.

Almennt séð vill forsætisnefndin halda áfram að vinna náið með Norrænu ráðherranefndinni um fjárhagsáætlanir næstu ára og fá tækifæri til að gera tillögur og hafa pólitískt samráð um fjárhagsáætlunina snemma í ferlinu.



UVU - Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndin hefur farið yfir tillögur nefndarinnar að markmiðum og undirmarkmiðum í samstarfsáætlunum mismunandi sviða Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir tímabilið 2025–2030. Nefndin veitir því eftirtekt að eftirfarandi þrjár tillögur hafi ekki náð inn í samstarfsáætlanirnar þrátt fyrir að allar þrjár hafi mikla þýðingu fyrir framtíðarsýn forsætisráðherranna um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Samstarfsáætlun samstarfsráðherra Norðurlanda - MR-SAM

Hagvaxtar- og þróunarnefndin veitir því athygli við lestur samstarfsáætlunar samstarfsráðherranna að tillaga nefndarinnar varðandi markmið um stofnun norrænnar ráðherranefndar um samgöngumál hafi ekki hlotið hljómgrunn. Tillaga nefndarinnar að undirmarkmiði hefur þrátt fyrir allt verið tekin inn að hluta til, úttekt á þörfinni á norrænni ráðherranefnd um samgöngur, en samt er ekki komið til móts við óskir nefndarinnar um að tiltaka markmiðið með úttektinni.

Hafist var handa við úttektina í síðustu viku desember 2023 og henni lokið 29. febrúar 2024 þrátt fyrir að nefndin hvatti samstarfsráðherranna til að hrinda henni af stokkunum þegar um haustið 2023. Úttektin hefur því ekki á nokkurn hátt getað haft áhrif á ákvörðun samstarfsráðherranna um samstarfsáætlunina 2025–2030, þar sem ákvörðun um ráðherranefnd um samgöngumál, með hliðsjón af úttektinni, verður tekin í fyrsta lagi í apríl 2024.

Þó að aukin samþætting og hreyfanleiki séu í brennidepli eru samgöngumál ekki nefnd einu orði í samstarfsáætluninni. Aftur á móti er ánægjulegt að unnt reyndist að samþykka að efla viðnám gegn stjórnsýsluhindrunum þrátt fyrir að úttekt á stjórnsýsluhindranastarfinu hafi verið ólokið.

Samstarfsáætlun um efnahagsmál

Nefndin veitir því athygli að tillaga vegna samstarfsáætlunar ráðherranefndarinnar um efnahags- og fjármál, MR-Finans, þess efnis að vinnuferðalangar búi við sömu skattareglur og hljóti sömu meðferð og þeir sem búa og starfa í sama landi, komi ekki fram með skýrum hætti í áætluninni, en það ætti að vera markmið út af fyrir sig vilji menn að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Samt sem áður er þar að finna undirmarkmið um að koma í veg fyrir og draga úr stjórnsýsluhindrunum sem tálma hreyfanleika vinnuafls og efnahagslega samþættingu. Ekkert kemur fram um hvaða stjórnsýsluhindranir sé átt við og hvernig eigi að vinna að lausnum. Er



endurskoðun tvísköttunarsamningsins ein þeirra stjórnsýsluhindrana sem verða sérstaklega skoðaðar 2025–2030?

Samstarfsáætlun um byggðamál

Að því er varðar samstarfsáætlun á sviði byggðastefnu er athyglisvert að framlag nefndarinnar um markmið þess efnis að efla starfsemi norrænu landamæranefndanna er hvergi sjáanlegt né heldur undirmarkmið nefndarinnar um langtíma fjárveitingu starfsemi landamæranefndanna.

Landamæranefndirnar eru eingöngu nefndar einu sinni í samstarfsáætluninni og það er í inngangi þar sem stendur að þær hafi fengið tækifæri til að veita umsögn um drögin að samstarfsáætluninni. Aftur á móti stendur ekkert í samstarfsáætluninni um hlutverk landamæranefndanna við framkvæmd áætlunarinnar.

UVN - Norræna velferðarnefndin

Samstarfsáætlun um jafnréttismál og LGBTI

Norræna velferðarnefndin óskar eftir viðbót í samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um jafnréttismál, MR-JÄM, um að stúlkur og konur skulu hafa líkamlegt sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétt varðandi þungunarrof alls staðar á Norðurlöndum. Nefndin vill enn fremur að aðgerðir til að sporna við og fyrirbyggja morð í nánnum samböndum á Norðurlöndum skipi hærri sess í samstarfsáætluninni og að skerpt verði á orðalagi þar að lútandi.

Samstarfsáætlun um félags- og heilbrigðismál

Norræna velferðarnefndin unir við drögin að samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál, MR-S, og lýsir ánægju með að ráðherranefndin tók tillit til fyrri tillagna nefndarinnar um mótun nýju samstarfsáætlunarinnar. Nefndin óskar eftir því að skerpt verði á orðalaginu þar sem segir að lífaldur sé mismunandi eftir því hvaða starfsgrein viðkomandi hefur lagt fyrir sig.

Auk þess gerði nefndin almenna athugasemd við áherslurnar í fjárhagsáætluninni þar sem Norræna velferðarnefndin óskar eftir greiningu á afleiðingum áhersluatriðanna fyrir þau málefnasvið sem snerta starfsemi nefndarinnar (einkum fjárhagsáætlunarliði MR-S og MR-JÄM).

UKK - Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Samstarfsáætlun um menningarmál



Nefndin veitti því athygli að áætlunin fól í sér fyrri tillögur en vildi nú bæta því við að starfsskilyrði listamanna og starfsmanna á menningarsviðinu fengi aukið vægi í samstarfsáætluninni.

Samstarfsáætlun um menntun og rannsóknir

Einnig í þessu efni veitti nefndin því athygli að fyrri tillögur höfðu verið teknar til greina í áætluninni en vildi bæta við að vinnan við að fyrirbyggja einelti og ofbeldi í skólum fengi aukið og skýrara vægi í samstarfsáætluninni.

UHN - Norræna sjálfbærninefndin

Samstarfsáætlun FJLS (um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt)

Norrænu sjálfbærninefndinni finnst að þessar greinar eigi að miða starfsemi sína við ákvæði Parísarsamningsins og alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni. Mikilvægt er að norrænu löndin beiti sér fyrir því að allar atvinnugreinar á Norðurlöndum leggi sitt af mörkum til að sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og stuðla að kolefnishlutleysi. Auk þess er full ástæða til að taka fram að allar aðgerðir verði að byggjast á nýjustu vísindaniðurstöðum, þar á meðal ráðgjöfinni sem sett er fram í nýlegum skýrslum IPCC og tilmælum vísindaráðgjafarnefndar Evrópusambandsins um loftslagsbreytingar. Nefndin er sammála áherslunni á að finna „hæfilegt jafnvægi milli auðlindanýtingar, náttúruverndar og annarra hagsmuna“. Jafnframt sé mikilvægt að taka sérstakt tillit til þess mikla álags sem þegar er á mörgum vistkerfum og vistkerfisþjónustum og að mengun, ofnýting og loftslagsbreytingar séu allt þættir ásamt sviðum FJLS sem auka álagið á umhverfi, loftslag og náttúru. Þörf er á aðgerðum til að endurheimta röskuð vistkerfi og vernda viðkvæm vistkerfi, bæði í hverju landi um sig og þvert á landamæri Norðurlandanna. Til lengri tíma litið kæmi þetta einnig umræddum greinum að gagni. Nefndinni finnst einnig rétt að tekið sé fram hvort græn umskipti eigi að miða að aukinni framleiðni eða einhverju öðru og hvert sé þá umfang framleiðslunnar.

Nefndin minnir einnig á mikilvægi þess að þróa erfðafræðileg afbrigði vegna grænna umskipta. Miklar vonir eru bundnar við að ný erfðatækni geti stuðlað að ræktun tegunda sem hafa sterkara mótstöðufl gegn loftslagsbreytingum en hinar eldri.

Nefndinni finnst að framangreint eigi einnig að koma fram í viðkomandi markmiðum.

Samstarfsáætlun um loftslags- og umhverfismál

Nefndin minnir á mikilvægi ráðstafana sem leiða til raunverulegs samdráttar í losun og minni mengunar auk þess að sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Fyrir liggja rannsóknir sem varpa ljósi bæði á vandamál og lausnir á sviði loftslagsmála,



Líffræðilegrar fjölbreytni og mengunar og tímabært er að grípa til aðgerða sem skila marktækum árangri. Leggja ber áherslu á að norrænt samstarf á þessu sviði byggist á því að koma til framkvæmda ákvæðum Parísarsamningsins og alþjóðasamnings um líffræðilega fjölbreytni. Samkvæmt síðustu tilmælum ráðgjafastofnunar Evrópusambandsins í loftslagsmálum ætti að bæta við 90 prósentu niðurskurðarmarkmiði fyrir árið 2040. Þar að auki er rétt að undirstrika mikilvægi þess að virkja ungt fólk, meðal annars með því að styrkja áfram þátttöku ungmenna í undirbúningi ákvarðana og framlag þeirra til að leysa vanda á sviði loftslags og líffræðilegrar fjölbreytni. Þá er mikilvægt að réttindi frumbyggja verði ekki fyrir borð borin í tengslum við grænu umskiptin.

Paulnýting ræktarlands og skóga, hraðvaxandi bæir og stækkandi innviðir valda því að sífellt þrengir að ósnortinni náttúru og fjölbreytni lífríkisins. Líffjölbreytni og vistkerfum á Norðurlöndum stafar einnig mikil hætta af loftslagsbreytingum. Þess vegna er mikilvægt að huga sérstaklega að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og endurheimt raskaðra náttúrulegra svæða og vistkerfa í samstarfsáætluninni. Í samstarfsáætluninni þarf einnig að huga náið að skilgreiningu sameiginlegra norrænna náttúrusvæða og vistkerfa og samstarfi um verndun, stjórn og endurheimt slíkra svæða, því að betri náttúra, aukin líffræðileg fjölbreytni og heilbrigð vistkerfi styrkja viðnámsþol norrænna samfélaga. Þessi tengsl þurfa að koma skýrt fram.

Umhverfisbrot eru meðal gróðavænlegustu tegunda skipulagðrar brotastarfsemi í heiminum og hafa ekki aðeins mikil áhrif á umhverfið heldur einnig á heilsu manna. Misferli sem tengist náttúru og umhverfi er ekki síður ágóðavænlegt en fíkniefniviðskipti. Norðurlönd verða af þessum sökum að hafa með sér samstarf um baráttu gagn umhverfisbrotum á Norðurlöndum, í Evrópusambandinu og um heim allan.

Nefndinni finnst að framangreint eigi einnig að koma fram í viðkomandi markmiðum.

Sjónarmið forsætisnefndar

Forsætisnefndin

Tillögur forsætisnefndarinnar við mótun norrænnar framtíðarsýnar fyrir árin 2025–2030, sem voru samþykktar á forsætisnefndarfundi í júní 2023 og urðu hluti af tillögum Norðurlandaráðs, voru margs konar og vörðuðu allt sviðið en ekki einungis ráðherranefnd samstarfsráðherranna **MR-SAM** og dómsmálaráðherranna **MR-JUST** sem voru til kynningar á fundi forsætisnefndarinnar.



Forsætisnefndin lagði áherslu á að framtíðarsýnin og í framhaldi af henni samstarfsáætlanirnar byggðust á sjálfbærni, menningu og þekkingu, þátttöku ungs fólks, öflugu velferðarríki og þróun samstarfs á sviði grunnvirkis og samgangna auk utanríkis-, varnar- og öryggismála. Forsætisnefnd veitti því eftirtekt og þótti ánægjulegt að tekið hafði verið tillit til ýmissa sjónarmiða nefndarinnar.

Forsætisnefndin taldi mikilvægt að huga áfram að menningu, fræðslu og ungu fólki og studdi þess vegna undirmarkmið 2.3 um aukna inngildinguna barna og ungmenna á Norðurlöndum. Forsætisnefndin vill eigi að síður minna á mikilvæg málefni sem vantar í áætlanirnar.

Varðandi til dæmis viðbúnaðarmál óskaði forsætisnefndin eftir norrænu viðbúnaðarsamstarfi og hugsanlega norrænni viðbúnaðarnefnd á komandi áætlanatímabili. Af þessum sökum vill forsætisnefndin að skerpt verði á orðalagi undirmarkmiða 1.2.

Hvað varðar utanríkis-, öryggis- og varnarstefnu áréttáði forsætisnefnd óskir sínar um aukið samstarf.

Loks hvað snertir efnahagsmál og tekjur vísar forsætisnefndin til tillagna vegna fjölærs fjárhagsáætlunarramma, tekna norræns samstarfs og hvatninga um heildaryfirlit um notkun fjárveitinga í norrænu samstarfi. Forsætisnefndin er enn þeirrar skoðunar að hlutfallsleg þróun fjárhagsáætlunar ráðherranefndarinnar skerði svigrúm norræns samstarfs og telur forsætisnefnd að stöðva beri þessa neikvæðu þróun.

Almennt séð vill forsætisnefndin halda áfram að vinna náið með Norrænu ráðherranefndinni um fjárhagsáætlanir næstu ára og fá tækifæri til að gera tillögur og hafa pólitískt samráð um fjárhagsáætlunina snemma í ferlinu.

Norðurlöndum, 25. júní 2024

Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Henrik Møller (S)
Jorodd Asphjell (A)
Lars Mejern Larsson (S)
Anna Starbrink (L)
Hanna Katrín Friðriksson (Vr)
Heidi Greni (Sp)

Jouni Ovaska (cent)
Bryndís Haraldsdóttir (Sj.)
Helge Orten (H)
Maria Stockhaus (M)
Kathy Lie (SV)
Lorena Delgado Varas (V)
Juho Eerola (saf)

